**Ed.** **477. Breytingartillögur**

við breytingartill. á þingskj. 466 [Framfærslulög].

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Framan við meginmál tillögunnar komi: I.
2. Á eftir meginmáli tillögunnar komi nýr liður (II.), svo hljóðandi:

   Heimilt er ráðherra að ákveða, að árin 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppsfélaga og læknishéraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppsfélags eða læknishéraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.